

Nefndasvið Alþingis
V. Austurvöll
Umhverfis- og samgöngunefnd

Reykjavík, 11. febrúar 2026

Efni: Umsögn Samorku um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 24/152

Samorka fagnar því að breytingar hafi verið gerðar tillögu verkefnisstjórnar um flokkun virkjunarkosta, á þann hátt að nú sé lagt til að Hamarsvirkjun verði flokkuð í biðflokk í stað verndarflokks verndar- og orkunýtingaráætlunar.

Í greinargerð með tillögunni er vísað til þess ójafnvægis sem skapast hefur milli framboðs og eftirspurnar á raforkumarkaði, spám Landsnets um orkuþörf og áforma ríkisstjórnarinnar um áherslu á aukna orkuöflun í þágu orkuöryggis, orkuskipta og verðmætasköpunar. Þá er réttilega á það bent að virkjunarkosturinn Hamarsvirkjun er staðsettur utan helstu umbrota- og hamfarasvæða Íslands og býður því upp á möguleika til að tryggja langtímaorkuöryggi verði hamfarir á öðrum svæðum landsins. Í greinargerð með tillögunni kemur einnig fram að sveitarfélög á Austurlandi hafi lagst gegn því að flokka Hamarsvirkjun í verndarflokk.

Samorka hefur um árabil gagnrýnt ferli rammaáætlunar meðal annars með vísan til þess að þar hefur ekkert verið hugað að raforkuþörf, loftslagsmarkmiðum, áætlunum um orkuskipti og þann grundvöll sem raforkuframleiðsla er fyrir samkeppnishæfni þjóðarinnar. Þá hefur Samorka dregið í efa ýmislegt í ferli rammaáætlunar, svo sem skort á gagnsæi og samræmi við meginreglur opinna og lýðræðislegrar stjórnsýslu.

Kynnt hefur verið frumvarp til breytinga á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun sem ætlað er að einfalda og stytta það ferli. Á sama tíma er skynsamlegt að festa ekki í verndarflokki kosti sem geta reynst bæði hagkvæmir og skynsamlegir. Í því samhengi verður að hafa í huga að flokkun orkukosta í vernd, bið og nýtingu hefur mjög misjöfn áhrif. Þannig felur flokkun í nýtingarflokk það einungis í sér að heimilt er að hefja ferli leyfisveitinga og skipulagsmála. Í því felast engin loforð eða áform um að af virkjunarframkvæmdum verði. Hins vegar hefur flokkun í verndarflokk það í för með sér að stjórnvöldum ber að hefja undirbúning að friðlýsingu gegn orkuvinnslu.

Samorka telur mikilvægt að horft verði til allra mögulegra orkukosta til að mæta raforkuöryggi þjóðarinnar, tryggja orkuskipti, viðnámsþrótt samfélagsins og samkeppnishæfni og leggja grunn að fjölbreyttri atvinnustarfsemi og jákvæðri byggðáþróun. Samorka styður framlagða þingsályktunartillögu

en beinir því jafnframt til Alþingis og ráðherra að skoða flokkun virkjunarkostsins Hamarsvirkjunar í nýtingarflokk.

Samorka þakkar fyrir tækifærið til að veita umsögn um málið og lýsir yfir vilja til samstarfs við stjórnvöld um áframhaldandi endurskoðun virkjunarkosta og ferli rammaáætlunar og leyfisveitinga.

Virðingarfyllst, f.h. Samorku



Katrín Helga Hallgrímsdóttir, lögfræðingur